

Menningardagskrá
í Garðabæ

JANÚÁR
FEBRÚÁR
MARS
APRIL
MAI
VOR
2026

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.03 2026

Hönnunarsafn Íslands á Garðatorgi 1 sýnir, skráir, rannsakar, safnar og varðveitir íslenska hönnun og listiðnað. Innihaldsríkir viðburðir fyrir börn og fjölskyldur sem og fyrirlestrar, námskeið og leiðsagnir eru á dagskrá. Í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

2. janúar—30. desember 2026
HÖNNUNARSAFNID SEM HEIMILI
Aðalsýningarsalur
Sýning á 200 hönnunargripum úr safn-eign. Sýningin er sett upp sem grunn-mynd af heimili. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textill frá ólíkum tíma koma saman á sýningunni og varpa ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.

16. janúar—1. mars
Fallegustu bækur í heimi
Pallurinn
Bækur sem tilnefndar voru sem þær fallegustu í heimi árið 2025 ásamt best hönnuðu bóka á Íslandi.

10. mars—19. apríl
Hanna Dís Whitehead vöruhönnuður
Pallurinn
Skissur, frumgerðir, hugleiðingar, mistök og tilbúin verk frá mismunandi tímabilum.

5. maí—27. september
Órói— Anna Gulla Eggertsdóttir
Pallurinn
Óróar úr heimaræktuðum rúgi svífa um. Sýningin opnar á HönnunarMars.

13. febrúar—10. maí
Stúdíó Flétta
Vinnustofudvöl
Stúdíó Flétta er þekkt fyrir vandaða, frumlega og skemmtilega hönnun sem jafnframt er gagnrýnin á neyslu og sóun. Teymið hlaut Hönnunarverðlaun Íslands árið 2023.

Til 29. mars
Safnið á röngunni
Skráning á verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar arkitekts, hönnuðar, stærðfræðings og pælara.

5. maí—4. október
Hjólaferð með Lauf Cycles
Safnið á röngunni
Sýningin snýst um ferðalagið frá hug-mynd að vöru, markaðssetningu, að byggja samfélag í kringum vöruna, að hafa það gaman og allt hitt sem þarf að takast á við á leiðinni. Sýningin opnar á HönnunarMars.

Janúar			
Miðvikudagur Opnun	7. janúar	17.00	Litir, skraut og lífsgleði er örsýning á keramikverkum eftir Trausta Valsson, arkitekt og skipulagsfræðing. Sýningin stendur til 11. janúar.
Föstudagur Opnun	16. janúar	16.00	Fallegustu bækur í heimi.
Sunnudagur Fyrirlestur	18. janúar	13.00	Birna Geirfinnsdóttir, grafískur hönnuður, flytur fyrirlestur um bókahönnun í tengslum við sýninguna Fallegustu bækur í heimi.
Febrúar			
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	1. febrúar	13.00	Kakkalakki Studio leiðir okkur inn í heillandi heim bóka-hönnunar. Leiðbeinendur eru þau João Linneu og Fernanda Fajardo sem eru margverðlaunaðir bókahönnuðir á alþjóðavísu.
Föstudagur Safnanótt	6. febrúar	20.00—22.00	Stofutónleikar og kósíljós.
Miðvikudagur Hádegishittingur	11. febrúar	12.15	Birta Rós Brynjólfssdóttir og Hrefna Sigurðardóttir í Stúdíó Flétta segja frá verkum sínum og hvað þær ætla að fást við í vinnustofudvöl í safninu fram að HönnunarMars. Kaffi og kleinur í boði.
Föstudagur Innflutningsboð	13. febrúar	16.00—18.00	Stúdíó Flétta flytur inn í safnið í vinnustofudvöl.
Sunnudagur Fyrirlestur	15. febrúar	13.00	Pétur Ármannsson heldur fyrirlestur um byggingarlist í Garðabæ.
Mars			
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	1. mars	13.00	Mjá! Hvernig hönnum við leikföng fyrir kisu? Hvað finnst þeim skemmtilegast að elta við? Eiga kisu uppáhalds liti? Prófum okkur áfram í leikfangahönnun með hönnunarteyminu ÞYKJÓ!
Þriðjudagur Opnun	10. mars	17.00	Hanna Dís Whitehead Það sem leynist á vinnustofu vöruhönnuðar.
Miðvikudagur Hádegishittingur	11. mars	12.15	Hanna Dís Whitehead vöruhönnuður segir frá verkefnum sínum. Kaffi og kleinur í boði.
Sunnudagur Leiðsögn	15. mars	13.00—14.00 14.00—15.00	Leiðsagnir um varðveislurými Hönnunarsafnsins með Bóel Hörn Ingadóttur sérfræðingi safneignar og Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra. Tvær tímasetningar í boði og bóka þarf þátttöku, sjá: honnunarsafn.is

Apríl			
Miðvikudagur Hádegishittingur	8. apríl	12.15	Prjónahönnuðurinn Hélène Magnússon heldur erindi um Aðalbjörgu Jónsdóttur prjónahönnuð en kjól eftir Aðalbjörgu má finna á föstu sýningu safnsins. Kaffi og kleinur í boði.
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	12. apríl	13.00	Studio Flétta leiða spennandi vöruhönnunarmiðju þar sem endurnýting efna er í brennidepli. Hönnuðirnir hafa hlotið verðlaun og viðurkenningar fyrir vistvæna og frumlega hönnun sína.
Maí			
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	3. maí	13.00	Við veljum saman strá og greinar og vefum lítil hreiður með ÞYKJÓ hönnunarteymi. Kannski erum við glysgjörn eins og krummi og setjum gullþráð með? Finnum við smá ull til að gera hreiðrið mjúkt að innan?
Þriðjudagur HönnunarMars	5. maí	17.00	Opnun sýninganna Órói og Hjólaferð með Lauf Cycles . Samtímis verður haldin uppskeruhátíð hjá Studió Fléttu sem dvalið hefur í vinnustofu safnsins. Viðburðirnir eru hluti af HönnunarMars.
Sunnudagur Fyrirlestur	17. maí	13.00	Lauf Cycles hlaut Hönnunarverðlaun Íslands í flokknum vara árið 2025. Í fyrirlestrinum verður farið yfir sögu hjóllanna, stöðuna í dag og framtíðardrauma.

SAFNANÓTT

6. febrúar

Fögnum myrkrinu með upplífandi viðburðum á Bókasafni Garðabæjar frá 19.00 – 22.00 og á Hönnunarsafni Íslands frá 20.00 – 22.00.

50 ÁRA AFMÆLI GARÐABÆJAR

2026

Á afmælisárinu verða fjölbreyttir viðburðir í boði svo sem fræðsluerindi á Bókasafni Garðabæjar og á Hönnunarsafni Íslands. Fleiri viðburðir verða auglýstir sérstaklega á vef bæjarins þar á meðal afmælishátíð fyrir alla bæjarbúa sem haldin verður að hausti.



GARÐABÆR
1976—2026

Tónleikaröðin Tónlistarnæring er í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir eru 30 mínútna langir og fara fram í sal skólans við Kirkjulund. Aðgangur ókeypis.

Miðvikudagur	7. janúar	12.15	Kristján Jóhannesson barítón
Miðvikudagur	4. febrúar	12.15	Vala Guðnadóttir söngkona og Kjartan Valdemarsson píanó
Miðvikudagur	4. mars	12.15	Bæjarlistamaður Garðabæjar Tinna Þorsteinsdóttir píanó
Miðvikudagur	8. apríl	12.15	Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir mezzósópran Björg Brjánsdóttir flauta

JAZZÞORPIÐ Í GARÐABÆ

1. – 3. maí

Garðatorg breytist í Jazzþorp þar sem margir af bestu tónlistarmönnum landsins koma fram á tónleikum, erindum og öðrum viðburðum. Listrænn stjórnandi þorpsins er Ómar Guðjónsson. Jazzþorpið skartar húsgögnum og gripum úr Góða hirðinum sem eru til sölu til styrktar góðu málefni.

Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.



GARÐABÆR
1976—2026

SÖNGVAVOR

12. maí

Leikskólabörn í Garðabæ ásamt hljómsveit nemenda úr Tónlistarskóla Garðabæjar flytja lög Dr. Gunna sem sérstaklega hafa verið útsett og verða flutt af leikskólabörnum um land allt. Verkefnið var próað í Tónskóla Sigursveins og fær nú vængi m.a. í Garðabæ.



GARÐABÆR
1976—2026

TÓNLISTARNÆRING

Bókasafn Garðabæjar er lifandi staður þar sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, upplifa, og njóta góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og viðburðir eru í boði fyrir allan aldur.

Norræni leshringurinn í boði Norræna félagsins í Garðabæ og klassíski leshringurinn starfa yfir vetrarmánuðina.

Skráning á bokasafn@gardabaer.is

Tölvu- og tæknaðstoð í boði kl. 10.00 – 11.00 á miðvikudögum í janúar og svo eftir þöntunum.

Boðið er uppá afnot af næðisklefa, vínyskera, þrívíddar-prentara og saumavél.

Langir fimmtudagar kl. 19.00 í mars, spennandi erindi með áherslu á sögu og menningu Garðabæjar í gegnum tíðina.

Fjör í fríum. 23.–27. febrúar og 30. mars – 1. apríl verður boðið upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir barnafjölskyldur. Nánar auglýst síðar.

Bókasafn Garðabæjar tekur þátt í sjálfbærnidögum 20. – 25.apríl, nánar auglýst síðar.

Vetraropnun aðalsafn Bókasafns Garðabæjar á Garðatorgi 7 er frá 9.00 – 19.00 alla virka daga og alla laugardaga frá 11.00 – 15.00.



Aðalsafn Bókasafns Garðabæjar er á Garðatorgi 7 og útibú bókasafnsins, Álftanessafn, er í Álftanesskóla. Upplýsingar um viðburði, opnunartíma og safnkost er að finna á vef bókasafnsins: bokasafn.gardabaer.is og á samfélagsmiðlum. Dagskrá í bæklingi er ekki tæmandi og getur tekið breytingum.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Janúar			
Laugardagur Fjölskyldustund	3. janúar	11.15 – 12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný. Fjörug tónlistarstund fyrir börn á aldrinum 2–6 ára.
Laugardagur Smiðja	10. janúar	12.00 – 14.00	Legó: Flóttinn úr kastalaturnumum. Fyrir 8 ára og eldri.
Þriðjudagur Garðaprójón	13. janúar	17.30 – 19.00	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Notaleg hannyrðastund og leiðbeinandi á staðnum fyrir áhugasama um kaðlaprójón. Öll velkomin.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Vinnustofa	15. janúar	10.00 – 12.00 17.00 – 18.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni. Sullumbull og svaka stuð, munið auka fötin. Vinnustofa með þjálfara frá Dale Carnegie. Hverjar eru áskoranir okkar í dag, hvernig getum við nýtt okkur góð gildi og venjur til að árið 2026 verði skemmtilegt og árangursríkt? Frítt inn og heitt á könnunni.
Laugardagur Lestrarþjálfun	17. janúar	11.30 – 12.30	Lesið fyrir hund þar sem börnin taka með sér bók og lesa fyrir sérþjálfaðann hund. Skráning nauðsynleg á bokasafn@gardabaer.is
Fimmtudagur Foreldramorgunn	22. janúar	10.30 – 11.30	Ingibjörg Eiríksdóttir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir höfundar Brjósttagjafabókarinnar fara yfir helstu áskoranir sem koma upp í brjósttagjöf á fyrstu mánuðum barnsins og gefa góð ráð.
Laugardagur Fjölskyldustund	24. janúar	11.00 – 14.30	Ljósaborð og segulkubbar.
Þriðjudagur Garðaprójón	27. janúar	17.30 – 19.00	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	29. janúar	10.30 – 11.00	Krílasöngur með Þórönnu Gunný. Samverustund með tónlist og leik fyrir yngstu krílin og foreldra þeirra.
Laugardagur Smiðja	31. janúar	13.00 – 14.30	Ímyndaðir hlutir. Hoppandi hress smiðja þar sem allt er leyfilegt. Stýrt af Vilborgu Bjarkadóttur myndlistarkennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03 2026

Febrúar				
Föstudagur Safnanótt	6. febrúar	19.00–22.00	Tónlistaratriði, spákona, ljúfar veitingar og Tapað/fundið: gersemar og smotteri, sýning á „bókamerkjum“ sem gestir bókasafnsins hafa gleymt í skiluðum bókum.	
Laugardagur Fjölskyldustund	7. febrúar	11.15–12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný. Fyrir börn á aldrinum 2–6 ára.	
Þriðjudagur Garðaprijón	10. febrúar	17.30–19.00	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.	
Fimmtudagur Foreldramorgunn	12. febrúar	10.00–14.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni.	
Laugardagur Fjölskyldustund	14. febrúar	12.00–14.00	Föndrum saman skrautlega bolluvendi.	
Fimmtudagur Foreldramorgunn	19. febrúar	10.30–11.30	Kennsla í ungbarannuðdi með Hrönn Guðjónsdóttur ungbarannuðdkennara. Foreldrar fá fræðslu í nuddstrofum og kostum ungbarannuðds. Þeir fá afnot af nuddolíu og námsgögn í tölvutæku formi. Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.	
Laugardagur Smiðja	21. febrúar	11.30–14.30	Scratch tölvuleikjagerð með Skema. 7–10 ára börnunum kennt að hanna og forrita sína eigin tölvuleiki. Takmarkað pláss og skráning nauðsynleg á boksafn@gardabaer.is.	
Þriðjudagur Garðaprijón	24. febrúar	17.30–19.00	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.	
Laugardagur Fjölskyldustund	28. febrúar	11.00–14.30	Ljósaborð og segulkubbar.	
Mars				
Fimmtudagur Langir fimmtudagar	5. mars	19.00–20.00	Sögufélag Garðabæjar með áhugavert erindi fyrir söguþyrsta Garðbæinga og utanbæjarfólk.	
Laugardagur Fjölskyldustund	7. mars	11.15–12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný. Fjörug tónlistarstund fyrir börn á aldrinum 2–6 ára.	
Þriðjudagur Garðaprijón	10. mars	17.30–19.00	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.	
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	12. mars	10.00–12.00 19.00–20.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni á foreldramorgni. Langir fimmtudagar. Erindi tengt sögu og menningarlífi Garðabæjar.	
Laugardagur Fjölskyldustund	14. mars	12.00–14.00	Föndrum saman skemmtilegar figúrur úr trölladeigi.	
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	19. mars	10.30–11.30 19.00–20.00	Skynðihjálpi fyrir ung börn með Hrafnhildi Helgadóttur hjúkrunarfræðingi. Víðalínspostilla – „Meistaraorð með eld og vald“. Frægustu prédikanir Íslands. Hver var boðskapur Jóns Víðalíns og áhrif postillunnar á íslenskt samfélag? Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar flytur erindi.	

Laugardagur Smiðja	21. mars	13.00	Sjá öll dýr eins og mannfólk? Aldeilis ekki! Dýr sjá heiminn á ólíkan hátt eftir tegundum. Skapandi smiðja með ÞYKJÓ þar sem við sjáum með nýjum augum!	
Þriðjudagur Smiðja	24. mars	17.30–19.00	Hannyrðaklúbbur bókasafns. Opinn öllum.	
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	26. mars	10.30–11.00 19.00–20.00	Kríasöngur með Þórönnu Gunný. Sögufélag Garðabæjar með áhugavert erindi fyrir söguþyrsta.	
Laugardagur Fjölskyldustund	28. mars	11.00–14.30	Ljósaborð og segulkubbar.	
Apríl				
Laugardagur Fjölskyldustund	4. apríl	12.00–14.00	Föndrum saman fallegar kanínukórónur.	
Laugardagur Lestrarþjálfun	11. apríl	11.30–12.30	Lesið fyrir hund. Skráning nauðsynleg á boksafn@gardabaer.is.	
Fimmtudagur Foreldramorgunn	16. apríl	10.00–12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni.	
Laugardagur Smiðja	18. apríl	13.00–14.30	Torfbærinn og tímaferðalangar. Komdu í smá tímaflakk og hugsaðu um hvernig lífið væri ef þú byggir í torfbæ. Vilborg Bjarkadóttir myndlistarkennari stýrir smiðjunni.	
Laugardagur Fjölskyldustund	25. apríl	11.00–14.30 11.00–13.00	Ljósaborð og segulkubbar. Dr. Bæk ástandskoðar hjólhesta svo að þeir séu tilbúnir í sumarið.	
Maí				
Laugardagur Fjölskyldustund	2. maí	11.15–12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný.	
Laugardagur Fjölskyldustund	9. maí	12.00–14.00	Föndrum saman skemmtilega eldspúandi dreka úr pappír.	
Laugardagur Smiðja	16. maí	13.00–15.00	Skemmtileg föndursmiðja fyrir alla fjölskylduna.	
Laugardagur Fjölskyldustund	23. maí	11.00–14.30	Ljósaborð og segulkubbar.	
Laugardagur Fjölskyldustund	30. maí	12.00–14.00	Opnunarhátíð sumarlesturs.	

Skemmtilegar og fjölbreyttar fjölskyldustundir alla fimmtudaga frá 15.00 – 17.00

Laugardagur Fjölskyldustund	7. febrúar	12.00 – 13.00	Fjölskyldujóga með Halldóru Mark. Áhersla á leikgleði en einnig slökun. Nauðsynlegt er að koma með eigin jógaðýnur.
Laugardagur Lestrarþjálfun	7. mars	12.30 – 13.30	Lesið fyrir hund þar sem börnin taka með sér bók og lesa fyrir sérþjálfaðann hund. Skráning nauðsynleg á bokasafn@gardabaer.is.
Laugardagur Fjölskyldustund	2. maí	12.00 – 14.00	Sumardagurinn mikli. Dr. Bæk ástandskoðar hjólhesta svo að þeir séu tilbúnir í sumarið. Boðið verður upp á útidót, ljósaborð og segulkubba.

Vetraropnunartími Álftanessafns er mánudaga til fimmtudaga
frá 14.00 – 18.00 og laugardagana 7. febrúar, 7. mars
og 2. maí frá 12.00 – 15.00.

ÁLFTANESSAFN

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA OG MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM

Saga Garðabæjar frá landnámi er rakin í glæsilegri hönnun á margmiðlunarsýningunni Aftur til Hofsstaða á Garðatorgi 7 og á sýningunni í Minjagarðinum gefst gestum færi á að skyggjast aftur til landnáms. Gagarín hannaði sýningarnar sem ætlaðar eru skólahópum jafnt sem almenningi.

MENNINGARDAGSKRÁ FYRIR SKÓLAHÓPA

Í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar, Tónlistarskóla Garðabæjar, Minjagarðinum og Aftur til Hofsstaða fer fram dagskrá fyrir skólahópa. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á að nemendur fái að skapa, tjá sig og upplifa hönnun, bókmenntir, tónlist og sögu í sérsniðinni dagskrá.